

Kirkjuþing unga fólksins 2017.

1. mál –þskj. 1.

TILLAGA

til þingsályktunar um að farskóla leiðtogaefna verði fjölþjóðlegt verkefni.
(Lagt fyrir kirkjuþing unga fólksins 2017).

Flm. Sunneva Una Pálsdóttir og Dagbjört Lilja Björnsdóttir
Frsm. Sunneva Una Pálsdóttir

Farskóli leiðtogaefna er eitt af farsælustu verkefnum kirkjunnar á okkar tímum. Hér inni eru ótal margir sem hafa verið í farskóla leiðtogaefna og við vitum hversu mikið farskólinn gefur nemendum sínum. Við leggjum til að farskólinn verði útvíkkaður og við gerum hann að evrópsku verkefni, nokkurs konar ungmennaskipta verkefni þar sem nemendur farskólans dvelja eina viku í mismunandi löndum og sitja þar farskóla, verkefnið tæki þá 3 ár. Eins og nú er færi námið fram með aðferðum óformlegra kennsluhátta (*e. Non formal education*). Farskólinn færi fram á ensku. Hægt er að nota efnið sem til er til kennslu, það þyrfti bara að þýða það. Fleiri svipuð verkefni eins og People4People og Girls 4Girls hafa verið gerð og hafa þau heppnast mjög vel. Þetta verkefni getur gefið nemendum fjölbreyttari reynslu og stækkað sjónarhorn þeirra. Það er hægt að sækja um styrk hjá Evrópu unga fólksins og gæti þetta þá verið nokkurs konar ungmennaskipti. Þetta gefur okkur einnig stórt tækifæri til þess að stíga út fyrir þægindarammann, og að dvelja í viku við framandi aðstæður, það er krefjandi og einnig mjög gefandi.

Nefndarálit:

Hvatt er til að nýta þetta verkefni sem tækifæri til að auka Nordic-Baltic samstarf á æskulýðsvettvangi. 2-3 fulltrúar frá hverjum landshluta skulu valdir af stjórn prófastdæmanna til að fara í verkefnið og skulu þeir skila tillögu að framkvæmd sem hægt er að leggja fram fyrir næsta þing.